



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Rauðhóll

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2	Innra mat.....	4
2.1.1	Innra mat.....	5
2.1.2	Guladeild 2018-2019.....	6
2.1.3	Bláadeild 2018-2019.....	7
2.1.4	Grænadeild 2018-2019.....	8
2.1.5	Rauðadeild 2018-2019.....	9
2.1.6	Ævintýrahóll 2018-2019.....	10
2.1.7	Ævintýralundur 2018-2019.....	11
2.1.8	Ævintýraland 2018-2019.....	13
2.1.9	Ævintýradalur 2018-2019.....	14
2.1.10	Ævintýraeyja 2018-2019.....	15
2.1.11	Björnslundur 2018 -2019.....	17
2.1.12	Innra mat í Rauðhól skólaárið 2019 – 2020.....	18
3	Ytra mat.....	22
4	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	23
4.1.1	Starfspróunarsamtöl.....	23
4.1.2	Símenntun skólaárið 2019-2020.....	23
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
6	Foreldrasamvinna.....	26
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	27
8	Skýrsla sérkennslustjóra.....	28
8.1.1	Umbótaáætlun vegna sérkennslu.....	29
9	Fylgigögn.....	30
9.1.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	30
9.1.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku..	30
9.1.3	Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs.....	30
9.1.4	Fylgiskjal 4 - Skóladagatal.....	30



## Leiðarljós Rauðhóls er:

### *Að börn og starfsfólk fá tækifæri til að nýta eigin styrkleika og blómstra þannig í leik og starfi*

#### **1 Greinargerð leikskólastjóra**

Á vorönn 2018 fengum við styrk frá skóla- og frístundasviði til að fara í þróunarverkefnið *Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar*. Markmiðið með verkefninu var að kortleggja starf Rauðhóls og innleiða kenningar ungverska sálfræðingsins Csikszentmihalyi um flæði. Við vildum ráð til okkar verkefnastjóra sem hafði góða þekkingu af leikskólastarfi og myndi koma til okkar sem sterkur fagaðili með nýja og spennandi strauma. Elín Guðrún Pálsdóttir leikskólakennari var ráðin og hún ásamt Sigríði Sigurjónsdóttir leikskólakennara sem starfað hefur lengi á Rauðhól héldu utan um verkefnið. Það var mikil gæfa að ráða þessar tvær konur til verksins. Þær unnu þétt saman og komu með sterka sýn á verkefnið, náðu að virkja fólk og skapa samstöðu innan leikskólans. Allir hrifust með og verkefnið vakti hjá fólki stolt og virðingu fyrir starfinu sínu.

Í júlí 2018 kom í ljós að Csikszentmihalyi ætlaði að þiggja boð okkar um að koma til landsins í október 2018 og halda erindi á ráðstefnunni okkar. Um haustið hófst mikill anna tími hjá okkur öllum að færa börn á milli húsa og aðlaga inn á nýjar deildir samhliða því að undirbúa risa ráðstefnu. Það komu allir í leikskólanum að þessari ráðstefnu og var gaman að sjá hvað allir starfsmenn okkar voru stoltir þátttakendur í þessum degi. Daginn eftir ráðstefnuna varð svo slys í starfsmannahópinum og það var unun að sjá okkar sterka starfsmannahóp takast á við þann atburð að yfirvegum og fagmennsku.

Í maí mánuði var unnið að því að taka myndir fyrir skólanámskrá Rauðhóls og útbúa myndband frá leikskólastarfinu. Við sáum líka fyrir endann á þróunarverkefninu og var því ákveðið að halda útgáfuteiti 16. ágúst þar sem námskráin, skýrsla þróunarverkefnisins og myndabandið var frumsýnt. og var áhrifafólki í stéttinni boðið til að gleðjast með okkur.

Í vetur var mikil umræða um styttingu vinnuviku og það að verða samkeppnishæf á vinnumarkaði. Við höfum mikinn hug til þess að þetta komi inn í kjarasamninga. Erum við því byrjuð að undirbúa þá vinnu og fylgjast betur með veikindum starfsmanna. Hertum við reglur um veikindi um áramótin. Nú verða starfsmenn að hringja í leikskólastjóra og síðan í húsið sem þeir starfa í milli 7:30-8:00. Einnig þarf að koma með vottorð fyrir öllum veikindum. Þetta er gert með það að markmiði að minnka veikinda prósentu hjá okkur.

Ég tel að Reykjavíkurborg verði að byrja á því að taka upp skýra fjölskyldustefnu. Þá er ég að tala um að börnin fái meir tíma með foreldrum sínum og stefnt verði að því að stytta leikskóladag barnanna.



## 2 Innra mat

Við leikskólann er starfandi matsteymi en það er skipað nokkrum deildarstjórum, kennurum, verkefnastjórum og einu foreldri eða alls átta manns. Teymið fundar reglulega á þriggja til fjögurra vikna fresti og útbýr matslista til að meta innra starf, starfsaðferðir og aðstöðu í skólanum. Þessir listar eru lagðir fram fyrir starfsfólk skólans til útfyllingar. Í framhaldi af þeirri vinnu eru listarnir yfirfarnir og umbótaáætlun útbúin. Sett hefur verið fram langtíma áætlun við framkvæmd innra mats.

Deildarstjórar í leikskólanum Rauðhól leggja áherslu á að vinna faglega og af þekkingu að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við hugmyndafræðilegar áherslur leikskólans. Það krefst þróunar lærdómssamfélags og leiðtogaþæfni að mannauður sé nýttur og horft sé á styrkleika bæði barna og fullorðinna. Jafnframt er mikil áhersla á samvinnu og uppbyggileg samskipti allra sem að leikskólastarfinu koma; stjórnenda, deildarstjóra, starfsfólks, foreldra og barna.

Við stofnun skólans var lögð áhersla á að eiga faglega gagnrýna umræðu til að móta skólastarf Rauðhóls. Með því skapaðist sameiginleg sýn og viðhorf til stefnu skólastarfsins sem er í sífelldri þróun og endurskoðun ásamt því að hugmyndafræðin hefur dýpkað. Þessi sýn á stefnu skólastarfsins hefur haldið áfram að þróast. Með fundum og símenntun þar sem starfið er ígrundað eflist sameiginleg sýn starfsmanna á fræðilega og faglega þætti skólans.



### 2.1.1 Innra mat

Neðangreindir þættir úr umbótaáætlun voru nýttir við mat á umhverfinu innan hvernar deildar fyrir sig. Þar sem leitast var við að svara spurningunum hvernig gekk að ná markmiðum, hvaða leiðir voru farnar á deildinni og hvert verður framhaldið á næsta skólaári.

Umbótaþættir Guladeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Skipulag náms og námsaðstæður</b>	Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólókum viðfangsefnum barna	Starfsfólk tileinki sér ákveðin vinnubrögð og hugsunina sem liggur að baki opnum efnivið. Stjórnendateymi vann að greiningarvinnu um námsumhverfið og efnivið með KHÓ. Fyrirlestrar KHÓ um umhverfi og efnivið. Kynningar á námsefninu: ljós og skuggi jarðleir einingakubbar	Hófst í september '18 og lauk í apríl '19	Deildastjóri Starfsfólk deildar Verkefnastjórar Matsteymi	Matslistar	Að starfsfólk hafi mjög góða eða frekar góða þekkingu á opnum efnivið. Að opinn efniviður sé aðal námsefni og sé nýttur alla daga af börnum og kennurum deildarinnar. Lokaður efniviður einskorðast við púsl og spil
	Aðgengilegur og opinn efniviður fyrir börnin	Sýnilegur Merktur í hæð barna þar sem það er hægt	Sept '18 Apríl '19	Deildastjóri Starfsfólk deildar	Ljósmyndir Matslistar	Að öll börn hafi aðgengi að opnum efnivið





## 2.1.2 Guladeild 2018-2019

### Hvernig gekk að ná markmiðum?

Gekk ágætlega. Búið er að safna að sér fjölbreyttum efnivið sem er að mestu í hæð barnanna, það sem ekki er í hæð barnanna er sýnilegt þannig að þau sjá hvað í boði er. Efniviður var ýmiskonar t.d. mikið hefur verið unnið með steina, tappa/korktappa og eggjabakka. Einnig er efniviður sem nýtist í könnunarleik í miklu uppáhaldi hjá yngstu börnunum og hann var gerður aðgengilegri. Starfsfólk var reyndar mis áhugasamt um undirbúning og vinnuna en allir tilbúnir að nýta sér það sem safnaðist inn á deildina.

### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Efniviður var flokkaður inni á deild og farið betur yfir það sem til var, magn hvers efniviðar fyrir sig var fækkað og settur í minni hirslur að sama skapi var aukið þannig að það væri fjölbreyttara. Farið var yfir einingakubbana og þeir gerðir aðgengilegri fyrir börnin. Skápurinn með einingarkubbunum snéri ávallt upp að



vegg en nú er hann alltaf aðgengilegur fyrir börnin. Skilrúm voru keypt inn á deild til að afmarka svæðin betur, börnin geta þá haft efniviðinn á afmörkuðu svæði sem hefur reynst okkur vel. Starfsfólk náði alltaf í efnivið fyrir börnin en því var breytt nú er mest allur efniviður kominn í hæð barnanna og er alltaf aðgengilegur/sjáanlegur.

### Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Markmið næsta skólaárs er að halda áfram að hafa fjölbreyttan og opin efnivið aðgengilegan börnunum. Hafa hann sýnilegan, aðgengilegan og merkja hann með mynd og rituðu máli. Safna endurnýtanlegum efnivið af ýmsum stærðum í samvinnu við börnin og foreldra.



### 2.1.3 Bláadeild 2018-2019

#### Hvernig gekk að ná markmiðum?

Það gekk mjög vel. Starfsfólk deildarinnar hefur verið mjög duglegt að safna saman allskonar efnivið í „endurvinnslu“ kassann okkar. Í endurvinnslu kassanum má t.d. finna kryddstauka, mjólkurfurnur, gjafapoka, tyggjópoka og morgunkornspakka svo fátt eitt sé nefnt. Endurvinnslukassinn er glær plast kassi svo auðvelt er fyrir börnin að sjá hvað í honum er en einnig er hann merktur með mynd og texta. Efniviðurinn er notaður á margvíslegan hátt hjá börnunum, búðaleiki, mömmuleiki, notað til að hlaða upp turna, setja ofaní hvort annað og hvað svo sem börnunum dettur í hug.

Greinar, steinar og pappahólkar eru einnig eitthvað sem má finna inni á Bláu deild og er það mikið notað í leik með öðrum efnivið.




#### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Allar hirslur eru merktar með mynd og texta. Reynt er að notast við hirslur sem sýna vel innihald og eru aðgengilegar fyrir börnin. Endurraðað var í skápinn inni á deild þannig að allt leikefni barnanna er nú í opnum hluta skáparins en gögn kennaranna er í lokaða hlutanum.



#### Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Framhaldið verður unnið út frá aldri og getu barnanna hverju sinni. Efniviðurinn verður endurnýjaður eftir þörfum og áhugasviði barnahópsins. Efniviðurinn verður áfram sýnilegur, merktur og aðgengilegur börnunum. Passa þarf upp á að merkingar eigi við hverju sinni og að þær séu í textaformi sem og myndrænu formi.



#### 2.1.4 Grænadeild 2018-2019

##### **Hvernig gekk að ná markmiðum?**

Gekk ágætlega. Búið að safna að sér fjölbreyttum efnivið sem var að mestu í hæð barnanna, það sem ekki er í hæð barnanna er sýnilegt þannig að þau sjá hvað í boði er. Efniviður var ýmis konar t.d. mikið verið unnið með skeljar, greinar, tappa/korktappa og eggjabakka. Við tókum út „leirdótið“ sem okkur finnst hafa svo einhæfan tilgang og buðum upp á tappa, skeljar og greinar svo eitthvað sér nefnt. Bara þetta gerði leikinn í leirnum meira skapandi og friðsamlegri.



Starfsfólk var reyndar mis áhugasamt um undirbúning og vinnuna en allir tilbúnir að nýta sér það sem safnaðist inn á deildina. Einingarkubbar hafa mikið verið notaðir og alls kyns efniviður í boði með honum þeir standa alltaf til boða.

##### **Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?**

Allar hirslur merktar með mynd og texta. Reynt að finna hirslur sem voru léttar og auðvelt fyrir börnin að færa til. Við sönnuðum að okkur endurnýtanlegum efnivið sem við fengum gefins s.s. pappahólka af ýmsum stærðum sem nýttust á ýmsan hátt, kúlurennibrautir, göng fyrir bíla og turnar.



##### **Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?**

Markmið grænudeildar er að halda áfram að hafa fjölbreyttan og opin efnivið aðgengilegan börnunum. Hafa áfram allt sýnilegt þó ekki sé allt í hæð barnanna, þá auðvelt að óska eftir því. Í raun bara að halda áfram þar sem frá var horfið.





## 2.1.5 Rauðadeild 2018-2019

### Hvernig gekk að ná markmiðum?

Það þurfti samt smá tíma til að kenna þeim að flæða ekki út um alla deild með efniviðinn heldur að halda honum á svæðum. Myndir voru af efniviði upp á vegg þar sem þau gátu valið sér og bent á og þeim rétt ef þau náðu ekki.

### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Á Rauðudeildina voru keypt skilrúm og hlið til að afmarka svæðin og minnka umferð og hlaup um deildina. Skúffur og skápar voru merktir og var efniviður gerður aðgengilegri og gátu þau alltaf náð í það sem þau vildu. Alltaf var til leir sem þau máttu nota að vild og einnig notuðum við mikið salinn til að fara með kubba og aðra borðvinnu.

### Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Við höldum áfram að hafa efniviðinn aðgengilegan og finna verkefni við þeirra hæfi. Sjónrænt skipulag verður ríkjandi og efniviðurinn vel merktur. Farið verður eftir óskum barnanna með hvað þau vilja gera s.s. skæri, lím og fleira. Einnig verður málning tekin meira inn á deild í daglegt starf. Við höldum áfram að afmarka þau á svæði með viðfangsefni þannig að þau læri að það geti verið mörg verkefni í einu í sama rými.



## 2.1.6 Ævintýrahóll 2018-2019


### Hvernig gekk að ná markmiðum?

Á skólaárinu 2018-2019 gekk mjög vel að ná markmiðinu að hafa opinn efnivið og hafa hann aðgengilegan fyrir börnin. Starfsfólkið var jákvætt fyrir markmiðunum og tilbúið að leggja sig fram til að ná þeim. Leitast var við að hafa sem mest af verðlausum efnivið fyrir börnin í bland við kubba og annan opinn efnivið. Boðið var upp á spil en púsluspil voru í mjög takmörkuðu magni.




### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Efniviðurinn var allur geymdur í opnum skúffum og í skúffuskáp hjá kubbavæði (verðlaus efniviður til að skapa með í kubbaleik). Hver skúffa er merkt með mynd af efniviðnum og nafni hans eins eru öll box merkt með myndum og nafni. Í vetur höfum við verið með myndlistarborð sem stendur börnunum alltaf til boða með þeim efnivið sem börnin þurfa litir, skæri, lím, verðlaust efni ásamt mörgu fleiru. Með því hafa börnin frjálst val um efnivið og geta skapað það sem þeim listir hverju sinni. Það hefur verið dásamlegt að fylgjast með börnunum skapa og teljum við að hafa efniviðinn aðgengilegan eins og við höfum gert í vetur hafi hjálpað þeim mikið. Börnin vita hver efniviðurinn er geymdur og þurfa því ekki að treysta á hjálp kennara til að komast enn lengra í sköpunarferlinu. Einnig var unnið með ljós og skugga, jarðleir og steinleir. Við höfum lagt mikið upp úr því að hafa skemmtilegan efnivið til að nota í hlutverkaleik. Leikurinn hefur blómstrað hjá þeim og þau hafa lært svo marga í gegnum hann. Starfsfólkið talaði um í vor að því hafi farið fram í því að bjóða upp á opinn efnivið og að hafa hann aðgengilegan.



### Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Framhaldið næsta skólaár er að halda áfram því sem við höfum verið að gera, hafa efniviðinn opinn og aðgengilega, hafa nóg af verðlausum efnivið og hafa allt í merktum skúffum/boxum. Eins langar okkur að bjóða upp enn fjölbreyttari verðlausum efnivið þar sem börnin verða árinu eldri og þurfa því nýjar áskoranir til að halda áfram að blómstra.



## 2.1.7 Ævintýralundur 2018-2019

### Hvernig gekk að ná markmiðum?



Starfsfólk hefur verið mjög samstíga í vetur og unnið saman í því að bjóða uppá opinn og aðgengilegan efnivið á deildinni. Flest allur efniviður á deildinni er opinn að okkar mati, fyrir utan nokkur púsl, spil og bækur. Mikið er af verðlausum efnivið sem börnin hafa getað nýtt í skapandi starf. Jarðleir og efniviður eins og steinar, ísspýtur, fjaðrir og fleira sem hægt er að nota í leirinn til að skapa t.d. skrímsli og kökur. Við höfum reglulega búið til leir með börnunum í bland við að nota jarðleirinn. Vinsælt hefur verið að leika með ljós og skugga og var myndvarpi og ljósaborð notað mikið yfir vetrarmánuðina.

Einingakubbar, litlir kubbar, plúskubbar, gardínuhringir, lego og dót í hlutverkaleik hefur einnig verið í boði.

Efniviður á deildinni er aðgengilegur fyrir börnin, í þeirra hæð og auðvelt að ganga í. Flest er merkt með mynd og heiti en þó ekki alveg allt, sérstaklega ekki verðlaus efniviður sem hefur verið að bætast við inná deild í vor. Rýminu á deildinni hefur reglulega verið breytt til að efniviðurinn geti notið sín sem best og leikurinn haldið áfram að þróast hjá börnunum.



### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?



Strax í haust fórum við yfir efniviðinn sem var í boði á deildinni og losuðum okkur við það sem okkur fannst ekki henta aldri barnanna og stefnu okkar um opinn efnivið. Einnig auglýsum við eftir opnum og verðlausum efnivið í tölvupósti til foreldra. Komið hefur verið með efnisbúta sem við höfum nýtt í bangsagerð, klippa og teikna, gera gardínur í pappírshús sem börnin bjuggu til. Einnig höfum við fengið klósettrúllur og ýmiskonar pappa sem hefur verið safnað heima og nýttur í

föndurgerð. Einnig hefur starfsfólkið á deildinni verið duglegt að safna ýmsu heima hjá sér, svo sem korktöppum, plast töppum, lykllum og alls konar smádóti sem börnin hafa dundað sér við að setja saman og búa til ýmislegt svo sem pizzaofn og vélmenni.

Við tókum myndir af efnivið og prentuðum út auk heiti þeirra og merktum. Færðum málningu og höfðum hana aðgengilegri fyrir börnin sem hefur gert það að verkum að þau mála mun oftar en áður. Allur efniviður er í opnum skúffum og hillum sem eru í hæð barnanna. Það hafði góð áhrif á leikinn að breyta reglulega uppröðun húsgagna á deildinni.





## Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?



Þar sem við munum flytja á nýja deild í haust verður byrjað á því að fara vel yfir það sem er í boði þar og merkja allt. Einnig að passa að efniviðurinn sé aðgengilegur fyrir börnin. Við munum klárlega halda áfram að safna verðlausum opnum efnivið í samvinnu við börnin. Við stefnum á að taka börnin í viðtal í haust og heyra hvað þau myndu vilja sjá inná deild hjá okkur, það verður gaman að sjá hvaða hugmyndir koma frá þeim.



Við værum til í að bæta við myndum og heitum á því sem er í boði í leikskólanum en er geymt í salnum og er alltaf hægt að ná í ef börnin óska eftir því.





## 2.1.8 Ævintýraland 2018-2019

### Hvernig gekk að ná markmiðum?

Það gekk mjög vel, starfsfólkið var mjög sammála um að á deildinni væri mest með opinn efnivið en það sem okkur langaði mest að bæta inn væri meira af verðlausum efnivið. Börnin eru ekki mikið að púsla en spil hafa þau verið mikið með og er það eini lokaði efniviðurinn sem þau eru að nota. Við erum með merkingar á þeim skúffum sem sést ekki vel hvað er í en verðlausa efnivið er í opnum boxum sem þau sjá vel hvað er í og geta tekið boxin með sér til að vinna með það sem er í boxinu. Einnig höfum við verið með jarðleir og ljós og skugga eftir kynninguna á starfsdegi en mættum samt alveg bjóða upp á það meira.



### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Keyptar voru hillur með boxum ásamt því að ræða við börnin og senda tölvupóst til foreldra þar sem beðið var að koma með verðlausum efnivið að heiman. Það gekk mjög vel og var það kveikjan af áhuga barnanna á að nýta efniviðinn (að föndra úr því sem þau komu sjálf með að heiman). Fyrstu vikurnar var fjöldaframleiðsla á frábærum listaverkum og þau sem ekki höfðu haft mikinn áhuga smituðust af þeim sem höfðu meiri áhuga á föndri. Í dag er verðlausi efniviðurinn mikið notaður og höfum við starfsfólkið verið dugleg að bæta við hann, bæði frá leikskólanum og einnig að heiman.

Annar opinn efniviður er mikið notaður, einingarkubbar, hlutverkaleikur, leir og aðrir kubbar. Börnin hafa einnig nýtt sér verðlausan efnivið til að búa til hluti sem þau nýta svo í leik í með öðrum opnum efnivið eins og einingakubbunum. Til dæmis var búin til snyrtistofa, skólastofa, kirkja og kirkjugarður og margt fleira með þessari blönduðu aðferð.



Starfsfólk hefur verið duglegt að taka inn á deildina til að bæta við leikefnið og hafa t.d. holukubbarnir verið skemmtileg viðbót við annað leikefni og fleira leikefni til að kynna fyrir börnunum.

### Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Við verum ekki með sömu börnin næsta ári en munum halda áfram með það sem við höfum verið að gera. Einnig verður gaman að fá nýjar hugmyndir frá öðru starfsfólki og nýjum börnin til að halda áfram að þróa okkur í opnum efnivið.



## 2.1.9 Ævintýradalur 2018-2019

### Hvernig gekk að ná markmiðum og hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Veturinn 2018 – 2019 gekk vel að ná þeim markmiðum að hafa opinn efnivið á Ævintýradal. Efniviðurinn var aðgengilegur börnunum, geymdur í opnum og merktum skúffum og stóð þeim ávallt til boða. Mikið var leikið með kubba svo sem einingakubba, í hlutverkaleik, spilað, litað, fönðrað o.fl. Starfsfólk var jákvætt fyrir því að vinna með opinn efnivið og lagði sig fram við að auka úrvalið af verðlausum efniviði og hafa hann aðgengilegan líkt og annan efnivið. Verðlausir efniviðurinn var aftur á móti hafður í skúffum inni í skáp sem börnin vissu að þau hefðu greiðan aðgang að en hins vegar mætti færa þann efnivið út úr skápnum og hafa hann í opnum skúffum líkt og annan efnivið. Engin sérstök ástæða var fyrir því að sá efniviður var inni í skáp önnur en að þar var laust pláss. Þá voru kennarar duglegir að setja verðlausa efniviðinn á borð ásamt lími, skærum, litum o.fl. og gera þann efnivið þar með enn aðgengilegri. Lagt var upp með að efniviðurinn væri börnunum vel aðgengilegur og þau gætu bjargað sér sjálf svo þau þyrftu ekki að stóla á aðstoð kennara við að skapa og þróa leikinn.

### Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Næsta vetur er stefnt á að halda áfram að hafa efniviðinn fjölbreyttan og aðgengilegan fyrir börnin. Þá er einnig stefnt á að auka enn meira úrvalið á verðlausum efniviði og gera hann enn sýnilegri með því að geyma hann í opnum skúffum/hillum í stað þess að vera lokaður inni í skáp.



## 2.1.10 Ævintýraeyja 2018-2019

### Hvernig gekk að ná markmiðum?

Það hefur gengið vel í vetur að bjóða börnum á Ævintýraeyju upp á opinn efnivið og var markvisst unnið að því að bæta aðstöðu og gera efniviðinn aðgengilegri og sýnilegri fyrir börnin á deildinni þetta skólaárið. Starfsfólk var áhugasamt og samtaka á deildinni með það að bæta við opnum efnivið og gera efniviðinn sýnilegri fyrir alla. Einingakubbar er sá efniviður sem börnin unnu mest með í vetur og einnig var málning gerð aðgengilegri og gátu börnin gengið að málningu þegar þau sjálf vildu yfir daginn. Myndvarpi var kynntur fyrir börnunum á Ævintýraeyju þar sem þeim gafst tækifæri á að kynnst töfrum ljóss og skugga þar sem margvíslegur verðlaus efniviður var í boði eins og mismunandi litaðar glærur, ýmis bönd, blúndur og tölur.



### Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?

Starfsfólk á deildinni ræddi saman á deildafundum um það hvaða opna efnivið mætti bæta við og ákveðið var að setja upp borð sem væri í hæð barnanna þar sem börnin geta sjálf gengið að efniviðinum yfir daginn. Boxin voru höfð opin og eða glær til þess að efniviðurinn væri aðgengilegur og sýnilegur. Í boxunum voru skæri, límband, efnisbútar, garn, blúnduborðar og pappír með misjafnri áferð og notkunar möguleikum. Skúffur og hirslur voru merktar betur með ljósmyndum til að börnin gætu séð hvaða efniviður væri í boði á deildinni. Í einingakubbum hafa börnin verið að fá ýmsan viðbótarefnivið og má þar nefna litlar kúlur, skriffæri, skeljar, límband, pappír, bönd og efnisbúta. Þar hafa börnin skapað mörg ævintýri sem unnið hefur verið með í nokkra daga eða jafnvel vikur og efniviðurinn/ævintýrin hafa fengið að standa óáreittur þann tíma. Þá var áhersla lögð á að nýta afurðir sem til falla frá náttúrunni í nærumhverfi skólans til dæmis þegar börnin gerðu jólagjafir handa foreldrum sínum. Þá ákváðu þau hvað þau ætluðu að gera og hvernig ætti að útfæra gjöfina.

Börn og foreldrar voru hvattir til að koma með verðlausan efnivið sem fellur til heima fyrir og komu börnin með tómar flöskur eða umbúðir í hlutverkaleik t.d. tómar kremkrukkur, skyrdósir, mjólkurfernur og kennarar hafa einnig verið að koma með verðlausan efnivið að heiman bæði í hlutverkaleik og á borðið þar sem opni efniviðurinn er í boði. Spegill var settur á einn vegg á deildinni þar sem börnin eru í hlutverkaleik og auðgaði það leikinn hjá börnunum.



## Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?

Kennarar á Ævintýraeyju hafa jákvæðan hug á að halda áfram þessari skemmtilegu vinnu. Þróa sig og leita leiða til þess að auðga leikinn og umhverfi barnanna þannig að þau fái best notið sín í leikskólanum til að þroskast og dafna á farsælan hátt. Við áætlum að vinna að því að safna verðlausum efnivið fyrir frjálsa leikinn og einnig fyrir skapandi starf og einingakubba. Áætlum að kynna fyrir börnunum á Ævintýraeyju jarðleir eða steinleir í vetur. Hafa það að markmiði að málning sé ávallt í boði fyrir börnin á Ævintýraeyju.





### 2.1.11 Björnslundur 2018 -2019

#### **Hvernig gekk að ná markmiðum?**

Þar sem fimm deildar skiptast á að koma í Björnslund var mismunandi eftir deildum hvernig unnið var með opna efniviðinn. Útívið í skóginum höfðu börnin val um fjölbreyttan náttúrulegan opin efnivið á borð við greinar, mold, steina og iðulega var sett út auka efniviður svo sem málning, vasaljós, skyrdósir, pottar, skóflur o.fl. til að auðga leikinn. Börnin á flestum deildum áttu auðvelt með að nýta þennan efnivið í leikinn þau voru áhugasöm, hugmyndarík og gleymdu sér við leik og störf í þessum fjölbreyttu náttúrlegum aðstæðum. Inni höfðu börnin aðgang að opnum efnivið á á borð við steina, leir, kubba, dósir, efni o.fl. mikið er til af opnum efnivið í lokuðum dollum uppi í hillu. Einhverjir kennarar voru duglegir að taka það niður og bjóða börnunum upp á leik með því. Þar sem við borðum inni í sama rými var erfitt að láta opna efniviðinn vera staðsettan þar allan daginn. Myndvarpi sem til staðar er í skógarhúsinu var nokkuð notaður og fannst börnunum spennandi að leika sér með ljós og skugga.

#### **Hvaða leiðir voru farnar á deildinni að markmiðum?**

Útívið er mikið um náttúrulegan efnivið sem börnin hafa greiðan aðgang að. Í upphafi ársins var gengið með börnum um skóginn og þeim kynnt mismunandi svæði, lagt er upp með að vekja áhuga barnanna á opnum efniviði í náttúrunni og þau hvött til að kanna þá betur og nýta í leikinn sinn. Inni í skógarhúsinu var efniviður merktur með myndum og var hann staðsettur í lágum hillum sem börnin höfðu aðgang að. Einhverjir kennarar, foreldrar og börn hafa verið í duglegir að koma með það sem tilfellur að heiman.

#### **Hvert verður framhaldið á næsta skólaári?**

Planið er að halda áfram að efla starfið í Björnslundu með opin efnivið í huga, reyna að hafa hann meira aðgengilegri fyrir börnin. Á döfinni er að bæta efnivið á útisvæðum leikskólans og mun Björnslundur fá tréplatta, trékubba og annað og þá gæti jafnvel verið hugmynd að þessir hlutir færu á ákveðin svæði/stað í lundinum. Einnig verður haldið áfram að hvetja kennara, foreldra og börn til að koma með það sem tilfellur á heimilum.



2.1.12 Innra mat í Rauðhól skólaárið 2019 – 2020

Matsþáttur	Markmið (Tækifæri til umbóta)	Leiðir að markmiðum (Aðgerðir til umbóta)	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Ávinningur markmiða (Viðmið um árangur)
<b>1 Stjórnun</b>						
<b>Starfsáætlun, áætlanir, starfsmanna-handbók, nýliðafræðsla.</b>	-Starfsmanna-handbók uppfærð  Starfslýsing innleidd  -Mótuð verði stefna um nýliðafræðslu  Útbúin: - Jafnréttisáætlun - Eineltisáætlun - Starfsáætlun	-Starfs-manna-handbók verður endurbætt í samræmi við nýja skóla-námskrá  - Innleiðing starfslýsingar fyrir allt starfsfólk  -Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfs-hætti leik-skólans fyrir nýliða og fræðslu-herferð ýtt úr vör.  -Áætlanir útbúnar	Skólaár 2019-2020	Leikskólastjóri Aðstoðarleik.st. Verkefnastjórar	Unnið jafnt og þétt allt skólaárið af verkefna-stjórum	Uppfærð starfsmanna-handbók í tilbúin júní.  Ný starfslýsing verði hluti handbókar.  Fræðsluefni fyrir nýliða tilbúið og fræðsla hafin í apríl.  Jafnréttis-áætlun og eineltis-áætlun tilbúna í september 2019.  Starfsáætlun tilbúin í lok júní 2020.
<b>Handleiðsla</b>	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildastjóra	Deildarstjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu	Skólaárið 2019-2020	Stjórnendur og verkefnastjórar	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildastjórar
<b>Fundagerðir: Deildafundir</b>	Að upplýsingaflæði innan deilda sé skilvirkara	Fundagerðir ritaðar í þar til gerða bók á hverri deild fyrir sig	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjórar	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Fundagerðir aðgengilegar á hverri deild fyrir sig.
<b>Deildastjórafundir</b>	Að upplýsingaflæði milli deilda og	Fundagerðir deilda-stjórafunda	Skólaárið 2019-2020	Deildastjórar Aðstoðarleik.st. Leikskólastjóri	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Fundagerðir aðgengilegar á hverri deild fyrir sig og á



<b>Heimasíða leikskólans</b>	húsa sé skilvirkara	séu aðgengilegar á hverri deild fyrir sig og líka settar á fagsíðu Rauðhóls á Facebook				fagsíðu Rauðhóls
	Heimasíða leikskólans endurspeglir starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólanámskrá, skýrslur ofl	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leikskólans	Skólaárið 2019-202	Aðstoðarleikskólastjóri Verkefnastjórar	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og innihaldsrík

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>2. Uppeldis- og menntastarf</b>						
<b>Leikur og nám -lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</b>	Að efniviður yti undir sköpun og ímyndunarafli á útisvæðum	Að endurskoða og auðga efnivið á útisvæðum þar sem opinn efniviður sé aðal námsefni og aðgengilegur börnunum	Okt '19 Júní '20	Deildastjórar Verkefnastjórar Matsteymi Útiteymi	Rýnihópar barna þar sem notast er við demanta- aðferðina  Matslistar fyrir starfsfólk	Að börnin hafi áhrif á umhverfi sitt (þ.e. efnivið og viðfangsefni) sem leiðir af sér sjálfstæði og aukinn þroska barnanna
<b>Námssvið leikskólans Heilbrigði og vellíðan</b>	Að börn fái þá hvíld sem hæfir aldri þeirra	Ný hvíldarstefna leikskólans verði innleidd í starfshætti og kynnt foreldrum	Sept 2019 Feb 2020	Deildastjórar Verkefnastjórar	Matslistar	Að starfsfólk vinni samkvæmt hvíldarstefnu leikskólans  Að foreldrar séu allir upplýstir um hvíldarst.
<b>Leikskóli án aðgreiningar</b>	Að áhersla sé lögð á að viðurkenna og virða hvert barn og byggja á styrkleikum þess	Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á	Sept 2019 Apríl 2020	Sérkennslustjórar Verkefnastjórar Leikskólastjóri	Matslistar	Að umhverfið sé aðlagð til að mæta þörfum allra barna og áhersla er



<b>Mat á námi og velferð barnanna</b>		þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólum  Fræðsla á starfsdegi um börn með sérþarfir				lögð á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik
	Í leikskólanum er fylgst reglubundið með alhliða þroska barna með fjölbreyttum aðferðum	Starfsfólk fær tækifæri til að kynna sér þær aðferðir sem hægt er að nýta sér við mat á námi barna með námskeiði og fræðslu á starfsdegi.  Starfsfólk fær tækifæri og svigrúm til að sinna skráningu og mati í undirbúningst.	Sep '19 Maí '20	Deildarstjórar Sérkennslustjórar Leikskólastjóri	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn Hljóm-2	Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra

<b>Matsþáttur</b>	<b>Markmið með umbótum</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Endurmat; hvenær og hvernig</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
<b>Leikskólabragur</b>						
<b>Þátttaka foreldra í leikskóla-starfinu og upplýsingamiðlun</b>	Að foreldrar taki þátt í að meta framfarir barns í leikskólanum	Setja spurningu í foreldraviðtalsblað hvort það sé eitthvað sem foreldrar vilja að lögð sé áhersla á í að meta framfarir þeirra barn í skólanum	Okt 2019 Apríl 2020	Deildastjórar Leikskólastjóri	Deildastjórafundir  Viðhorfskönnun SFS	Að foreldraviðtalsblöð séu uppfærð með þessari áherslu





## *Skólaárið 2019-2020*

Áfram verður unnið út frá Leyndarmáli Rauðhóls gleðinnar þar sem aðaláherslur þess verkefnis endurspeglast í nýrri skólanámskrá Rauðhóls. Þeir þættir munu vera áfram í sífelldri þróun og endurmati. Stóra verkefni næsta skólaárs er að færa starfshætti okkar um flæði og opinn efnivið á útisvæðin. Rauðhóll fékk styrk í vor með þessar áherslur í huga frá skóla- og frístundasviði í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig mun starfsfólk fá fræðslu um tvítýngi á starfsdegi en það er einn af þáttum í að vinna með leikskóla án aðgreiningar.

Í nýrri skólanámskrá er hvíldarstefna Rauðhóls. Á næsta skólaári mun þessi stefna vera innleidd í starfshætti og kynnt fyrir foreldrum. Samkvæmt niðurstöðum könnunar SFS var helst ábótavant að foreldrar tækju þátt í að meta framfarir barnsins í leikskólanum. Ætlunin er að uppfæra eyðublöð fyrir foreldraviðtöl í samræmi við það. Heimasíða leikskólans verður uppfærð með það í huga að hún sé virk og innihaldi hagnýtar upplýsingar.

Auk ofangreindra þátt mun vera lögð vinna í að uppfæra starfsmannahandbók, innleiða nýja starfslýsingu og móta stefnu um nýliðafræðslu þar sem fram kom í viðhorfskönnun SFS að það væri ábótavant. Lögð verður áhersla á að bæta upplýsingaflæði milli deilda og húsa. Rauðhóll mun innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildarstjóra.



### 3 Ytra mat

#### Foreldra og starfsmannakönnun á vegum SFS

##### Viðhorfskönnun foreldra

Foreldrakönnun var gerð á vegum SFS fyrir leikskólann á vorönn 2019. Svarhlutfall var 65,1%. Niðurstöður hennar voru afar jákvæðar fyrir Rauðhól. Í liðnum barnið og starfið mældist heildarmeðtal foreldra hærra en heildarmeðtal allra leikskóla í Reykjavík. Sömu niðurstöður mátti einnig finna í liðnum foreldrar og starfið ásamt stefnu og stjórnun. Lægsta heildarmeðtal var í spurningu um þátttöku foreldra í að meta framfarir barns í leikskólanum ásamt hvort leitað var til þeirra eftir tillögum og hugmyndum. Skoða þarf leiðir að úrbótum og setja í umbótaráætlun.

##### Viðhorfskönnun starfsfólks

Á vormánuðum 2019 var framkvæmd starfsmannakönnun á vegum SFS. Svarhlutfall var 91,2%. Niðurstöður hennar sýna að heildarmeðtal var hærra í flestum liðum miða við Reykjavík í heild. Það sem betur má fara mátti finna í spurningunum um starfsmannastöðugleiki, vinnuaðstaða, hæfilegt vinnuálag, upplýsingaflæði og móttaka nýliða. Breyting milli ára er óveruleg. Skoða þarf leiðir að úrbótum í þessum liðum og setja í umbótaráætlun.

<b>Þáttur</b>	<b>2019</b>	2018
Starfsmannastöðugleiki	<b>3,86</b>	3,48
Vinnuaðstaða	<b>4,18</b>	3,60
Hæfilegt vinnuálag	<b>3,61</b>	3,66
Upplýsingaflæði	<b>4,18</b>	4,27
Móttaka nýliða	<b>4,17</b>	3,90

Hámark í skori er 5

Ánægjulegt er að sjá hversu margt starfsfólk er ánægt í starfi og telur stjórnunarhætti árangursríka. Breyting milli ára er óveruleg.

<b>Þáttur</b>	<b>2019</b>	2018
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	<b>4,29</b>	4,16
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	<b>4,33</b>	4,26
Árangursríkir stjórnunarhættir	<b>4,46</b>	4,54
Starfsánægja	<b>4,53</b>	4,54

Hámark í skori er 5



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

### 4.1.1 Starfsþróunarsamtöl

Í nóvember tók leikskólastjóri alla deildastjóra í starfsþróunarsamtal þar sem farið var yfir hvernig hún gæti aðstoðað þá við að ná markmiðum sínum í starfi. Þetta fyrirkomulag gaf góða raun og voru bæði leikskólastjóri og deildarstjórar ánægðir með hvernig tókst til og vilja halda þessu áfram.

Frá febrúar fram í apríl fór allt starfsfólk og deildarstjórar aftur í starfsþróunarsamtöl. Upplifun leikskólastjóra var að ekki komu fram stór vandamál í samtölunum. Hins vegar kom fram mikil ánægja með þróunarverkefnið Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar.

### 4.1.2 Símenntun skólaárið 2019-2020

Markviss fræðsla sem tengdist þróunarverkefninu Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar fór fram á starfsdögum vetrarins. Það gekk vel að tengja fræðsluna við meginmarkmið verkefnisins og náðist að uppfylla þau. Einnig hélt leikskólinn merka og fjölmenna ráðstefnu um flæði hausið 2018 sem jók skilning starfsfólks á viðfangsefninu.

#### Starfsfólk í námi:

- Einn kennari lauk Mastersnámi í menntunarfræði leikskóla
- Einn kennari lauk diplómu námi á meistarastigi í jákvæðri sálfræði
- Einn kennari í námi í talmeinafræði
- Einn starfsmaður í grunnskólakennaranámi
- Einn starfsmaður í námi í félagsráðgjöf
- Einn kennari stundaði Mastersnám í jákvæðri sálfræði ásamt sérkennslufræðum
- Einn starfsmaður lauk stúdentsprófi

#### Námskeið/ráðstefnur:

- Fimm kennarar fóru á EECCRA ráðstefnu í Búdapest
- Fimm kennarar fóru á ráðstefnu um leikinn í Aþenu
- Þrjú kennarar sóttu ráðstefnu í New York – Vits er þörf þeim er víða ratar
- Einn kennari fór á Leikur að læra námskeið í Alicante
- Unnið að og mótuð forystusýn leikskólans undir stjórn Dr. Örnú H. Jónsdóttur
- Ráðstefna um flæði sem allt starfsfólk skólans sótti 19. október 2018
- Allt starfsfólk sat fyrirlestur Önnu Steinsen – Jákvæð sálfræði – Þú hefur áhrif
- Allt starfsfólk sat fyrirlestur Kristínar Hildar Ólafsdóttur um umhverfið og opinn efnivið
- Allt starfsfólk sótti vinnustofu um opinn efnivið
- Sjö kennarar sóttu námskeið á vegum SFS í gerð innra mats.
- Allt starfsfólk sat fyrirlestur Dr. Guðrúnar Öldu Harðardóttur um hugmyndafræði Matstofu
- Allt starfsfólk sat fyrirlestur Lone Jensen um Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar



- Fjórir kennarar sóttu leiðbeinendanámskeið í Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar
- Allt starfsfólk sótti skyndihjálparnámskeið hjá Herdísi Storgaard
- Allt starfsfólk sótti styrkleika vinnustofur hjá Guðrúnu Snorradóttur
- Einn kennari sat ráðstefnu um jafnréttisáskoranir í fyrirtækjamenningu
- Tveir kennarar sátu ráðstefnu um hamingju á vinnustað
- Einn kennari sótti ráðstefnu um sýnileika fólks
- Einn kennari sótti ráðstefnu um sýnileika fyrirtækja
- Tveir kennarar sóttu kynningu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar
- Tveir kennarar sóttu ráðstefnu Heilsuverndar um kulnun í starfi
- Þrjú kennarar sóttu vörnámskeið GRR
- Einn þroskaþjálfari sótti starfsdag þroskaþjálfafélagsins
- Þrjú kennarar sóttu kubbaráðstefnu í New York
- Einn þroskaþjálfari sótti námskeið AEPS færni miðað hjá GRR
- Einn starfsmaður sótti námskeið í Byggjum brýr og eflum læsi frá leikskóla til unglingsára: Mál – hlustun – lesskilningur – ritun.
- Einn starfsmaður sótti TRAS réttindanámskeið
- Einn starfsmaður sótti kynningu á íslenska mállhljóðamælinum
- Einn starfsmaður lauk fagnámskeiði 1
- Einn starfsmaður lauk 55 einingum í raunfærnimati í leikskólalíðanámi
- Einn erlendur kennari sótti 6 námskeið í íslensku
- Einn erlendur kennari sótti 2 námskeið í ensku
- Einn kennari sótti námskeiðið „Memory Techniques“
- Einn kennari sótti námskeiðið „Positive class discipline“
- Einn kennari sótti námskeiðið „Multiple intelligences in school practise“





## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur í því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum tókum við fyrir ákveðin verkefni eða þemu t.d. um húsdýrin og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jólunum eins og t.d. að spila, fönndra og fara í gönguferðir.

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Í nokkur ár hefur verið samstarf milli Rauðhóls og unglíngastígs Norðlingaskóla þar sem Leikskólaval hefur verið í boði fyrir 8.-10. bekk. Leikskólinn tekur þá á móti allt að 10 nemendum unglíngastígs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Áhugi er fyrir því að efla enn frekar samstarfið á milli Rauðhóls og Norðlingaskóla. Sótt var um styrk til Skóla- og frístundasviðs með þann þátt í huga og tengja við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ekki fengum við styrk að þessu sinni en munum áfram leita leiða til að fá styrk til að geta eflt þennan þátt í okkar starfi.



## 6 Foreldrasamvinna

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að kynna því og fjölskyldunni á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Út frá aðalnámskránni unnum við okkar eigin námskrá og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oftast en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum öll virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggjast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.



## **7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

### **Starfsdagar kennara skólaárið 2019-2020 eru eftirfarandi**

#### *Haustönn 2019*

13. september - föstudagur

4. október – föstudagur – Rauðhóll með málstofu á Menntakviku

19. nóvember - þriðjudagur

#### *Vorönn 2020*

7. febrúar - föstudagur

22. apríl – miðvikudagur – starfsfólk Rauðhóls í námsferð erlendis

24. apríl – föstudagur – starfsfólk Rauðhóls í námsferð erlendis



## 8 Skýrsla sérkennslustjóra

Áhersla er lögð á að það barn sem þarfnast sérkennslu fái hana sem mest innan barnahópsins í daglegu starfi. Þar er barnið eitt af börnunum á deildinni og allir kennarar bera jafna ábyrgð á því. Barnið lærir best í gegnum leik og því mikilvægt að það fái örvun innan hópsins með áherslu á að efla félagsfærni þess. Í gegnum árin hefur því verið veitt athygli að börn sem þarfnast stuðnings blómstra í Björnslundi. Þar virðast þau sýna meira frumkvæði og eiga auðveldara í félagslegum samskiptum. Þar er oft friðsælla, meira rými til leikja og oftast eru börnin í minni hópum. Hið náttúrulega umhverfi vekur forvitni þeirra, þar sem þau eru endalaust að brasa í einhverju og endast lengur í leik. Þessar starfsaðferðir hafa leitt af sér að leikskólinn hefur laðað að sér hæfileikaríkt starfsfólk til að halda utanum þetta starf. Fagfólk þ.e. leikskólakennarar, þroskaþjálfar og annað uppeldismenntað starfsfólk hefur í gegnum árin að stærstu hluta sinnt sérkennslu. Með því að hafa fagfólk í sérkennslu hefur hlutverk sérkennslustjóra að mestu farið úr því að leiðbeina í að handleiða stuðningsaðila. Sérkennslustjórar funda með deildarstjórum á haustönn og vorönn. Fræðsla og ráðgjöf fer fram á fundum og einnig í daglegum samskiptum við starfsfólk. Lagt er upp úr því að starfsfólk hafi greiðan aðgang að sérkennslustjórum til að sækja ráðgjöf og stuðning

Stuðningsaðilar sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslustjóra. Einstaklingsnámskrár eru nýttar sem leiðarvísir í kennslu barnanna og uppfærðar eftir teymisfundi ef með þarf. Teymisfundir með hverju stuðningsbarni eru haldnir á fjögurra til sex vikna fresti. Foreldrar, stuðningsaðilar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og ráðgjafar þjónustumiðstöðvar eru í hverju teymi. Farið er yfir stöðu barnsins, framfarir og áframhaldandi vinnu. AEPS listar eru nýttir til að meta færni barna en niðurstöður hans leiða af sér nýja einstaklingsnámskrá.

Símat er í gangi allt árið um kring á deildarfundum þar sem farið er yfir stöðu barnanna og er sérkennslustjóri kallaður inn þegar þörf er á. Notast við íslenska þroskalistann fyrir öll þriggja ár börn og sér sérkennslustjóri um útreikninga og eftirfylgni. Ef eitthvað þarf að skoða og vinna með nánar með börnin er notast við EFI-2. Hljóm-2 er tekið á öllum fimm ára börnum í upphafi skólaárs ár hvert. Ef vinna þarf sérstaklega með hljóðkerfisvitund að því prófi loknu er foreldrum leiðbeint með vinnu við það og taka ábyrgð á þeirri vinnu í samvinnu við kennara skólans. Það fyrirkomulag hefur gefið góða raun og er matið gert aftur í febrúar til að meta hver árangur hefur verið. Einnig hefur talmeinafræðingur starfað við skólann sem sinnir málörvun tvítýngdra barna þvert á húsin. Ávallt hefur uppeldisstefnan Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar verið nýtt til ráðgjafar til foreldra. Í upphafi sáu sérkennslustjórar um þessa ráðgjöf en í dag sinna deildarstjórar og aðrir kennarar ráðgjöfinni. Lögð er áhersla á að barn með stuðning fái hana inná deild með börnunum og mikil áhersla lögð á félagslega þáttinn.

Samráðsfundir með ráðgjöfum þjónustumiðstöðvar eru haldnir tvisvar á ári. Á samráðsfundum koma sálfræðingur, félagsráðgjafi, sérkennsluráðgjafi og hegðunarráðgjafi frá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og funda með sérkennslustjórum. Sérkennslustjórar eru í samskiptum við Greiningarstöð ríkisins, Æfingastöðina, sjúkraþjálfara, talmeinafræðinga og barnavernd eins





og þurfa þykir. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts býður sérkennslustjórum í hverfunum á fund tvisvar á ári.

### 8.1.1 Umbótaáætlun vegna sérkennslu

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæt- lun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Unnið verði að gerð áætlunar um málörvun	Fræðsla á skipulagsdögum og námskeið Safna saman þeim gögnum sem til eru í skólanum	Skólaár 2019-2020	Sérkennslustjóri Verkefnastjórar	Mái 2020 Áætlun sé tilbúin	Áætlun um málörvun sé til í leik-skólanum
	Unnið verði að gerð áætlunar um snemmtæka íhlutun	Safna saman gögnum sem til eru í skólanum	Skólaár 2019-2020	Sérkennslustjóri Verkefnastjórar	Mái 2020 Áætlun sé tilbúin	Áætlun um snemmtæka íhlutun sé til í leik-skólanum
	Unnið verði að gerð áætlunar um málörvun títyngdra barna	-Fyrirlestur frá Sögu Stephensen -Vinna stjórnendateymis með Sögu. -Deildarfundir með Sögu	Skólaár 2019-2020	Sérkennslustjóri Verkefnastjórar	Mái 2020 Áætlun sé tilbúin	Að til sé áætlun um málörvun títyngdra barna í leik-skólanum



## 9 Fylgigögn

9.1.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

9.1.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

9.1.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

9.1.4 Fylgiskjal 4 - Skóladagatal

F. h. leikskólans

Guðrún Sólveig  
Leikskólastjóri

16. september 2019.  
Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	6	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	6	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?		
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?		
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: GRR, Talstofu, Æfingastöð
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



## Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi		
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)		
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	
Er fylgst með framförum barnanna?		
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þáttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforði og málskilningur</li><li>• Tjáning og frásögn</li><li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li><li>• Ritmál</li><li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li></ul>		





**Starfsáætlun 2019 – 2020**  
**Leikskólinn Rauðhóll**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Erna Sigurgeirsdóttir

Hrönn Vilhjálmsdóttir

Jón Kristinn Sigurðsson

Magnús Már Magnússon



## Umsögn foreldraráðs:

Mikillar ánægju gætir meðal foreldraráðs með verk síðasta árs. Sérstaklega má nefna áframhaldandi þróun á *Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar* og ber þar hæst myndband og kynning sem gerð var á verkefninu. Áhugavert verður að fylgjast með framhaldinu á þessu frábæra verkefni. Búið er að innleiða opinn efnivið á deildirnar, eins og stefnt var að samkvæmt síðustu námsskrá, og verður áfram unnið með, enda virðist almenn ánægja starfsfólks með það.

Í starfsáætlun er farið yfir starfið á kerfisbundinn hátt, deild fyrir deild og því er auðvelt að finna það sem leitað er að, hvort sem það eru markmið, leiðir eða hver ber ábyrgð á hverri deild.

Svo virðist sem að vinna undanfarinna ára með flæði og efnivið sé farin að skila sér af fullum krafti til barnanna. Áfram er beðið eftir styttingu vinnuvikunnar og tekið er sérstaklega eftir því að í greinagerð skólastjóra er óskað eftir fjölskyldustefnu af hálfu Reykjavíkurborgar. Með því er talið að auka megi starfsánægju starfsfólks sem og bæta lífsgæði barnanna.

Enn eru starfsmenn Rauðhóls duglegir að sækja námskeið og bæta við menntun sem foreldraráð fagnar og viljum við hvetja starfsmenn til að halda því áfram því það skilar sér án efa til barnanna.

Í viðhorfsskönnuninni eru litlar breytingar en oftast en ekki eru þær í jákvæða átt sem er bæting á því sem gott var. Sá metnaður sem einkennir starfsemi Rauðhóls skín vel í gegnum starfsáætlunina. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með starf Rauðhóls í heild.

Enn er verið að gera úrbætur á leikskólalóðunum og núna eru aðeins tvö atrið eftir af þeim sem hafa verið nefnd ár eftir ár og viljum við hvetja Reykjavíkurborg til að ljúka þeim svo ekki þurfi að tala um þau enn og aftur í næstu skýrslum en þau eru eftirfarandi:

- *Úrbætur í kringum rennibrautina á Ævintýrum, þar eru dekk sem eiga stoppa börnin öðrumegin og staur í óþökk hinumegin, bæði sem getur valdið slysum þegar börnin renna sér niður hólinn.*
- *Önnur útgönguleiðin á Ævintýrum getur verið slyshætta vegna gegnumtrekks sem þar myndast þegar veður er slæmt*





ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M skil á starfsáætlun
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmásunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Brettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Leikskólaráðstefnan Dagur stærðfræðinnar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F Námskeiðsdagur leikskólas	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M samráð leikskólastjóra	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M samráð leikskólastjóra	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M samráð leikskólastjóra	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ Sóri innritunardagurinn	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M samráð leikskólastjóra	18 F	18 M	18 M samráð leikskólastjóra	18 L	18 Þ	18 M samráð leikskólastjóra	18 L	18 M	18 F samráð leikskólastjóra	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M samráð leikskólastjóra	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M samráð leikskólastjóra Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M samráð leikskólastjóra	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ Barnamenningarhátíð	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F Leikskólastjórafundur Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M samráð leikskólastjóra Barnamenningarhátíð	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F Leikskólastjórafundur	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F Leikskólastjórafundur vetrarleyfi grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Barnamenningarhátíð	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F vetrarleyfi grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barnamenningarhátíð	25 M	25 F Leikskólastjórafundur	25 L
26 M	26 F Leikskólastjórafundur Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F Leikskólastjórafundur	26 S Barnamenningarhátíð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F Leikskólastjórafundur	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M vetrarleyfi grunnskóla	28 F Leikskólastjórafundur	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F Leikskólastjórafundur	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F Jólafundur með stjórnendum	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 F Leikskólastjórafundur	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F				31 S Hvítasunnudagur		31 F